

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 79/2005 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 að því er varðar notkun mjólkur, afurða að stofni til úr mjólk og afurða fenginna úr mjólk sem eru skilgreindar sem efni í 3. flokki þeirrar reglugerðar.

1. gr.

Innleiðing.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. kafla, I. viðauka skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 136/2007, frá 27. október 2007, öðlast eftirfarandi EB-gerðir gildi hér á landi:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 79/2005 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 að því er varðar notkun mjólkur, afurða að stofni til úr mjólk og afurða fenginna úr mjólk sem eru skilgreindar sem efni í 3. flokki þeirrar reglugerðar.

2. gr.

Fylgiskjal.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar skv. 1. gr. er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

3. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur ekki til aukaafurða dýra er teljast til úrgangs enda gilda þá lög nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

Reglugerð þessi tekur ekki til sjávarspendýra.

4. gr.

Samþykki opinbers eftirlitsaðila.

Þegar reglugerð framkvæmdastjórnarinnar skv. 1. gr. kveður á um tiltekið „samþykki“ opinbers eftirlitsaðila fullnægja slíkir aðilar lagaskyldu sinni með útgáfu starfsleyfis skv. 13. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

5. gr.

Eftirlit.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum reglugerðar skv. 1. gr. vegna aukaafurða úr dýrum sé framfylgt í samræmi við lög nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lög nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru og lög nr. 96/1997, um slátrun og sláturafurðir.

6. gr.

Fiskimjöl og lýsi.

Verksmiðju, vinnslusvæði, búnað og áhöld sem notuð eru til framleiðslu fiskimjöls og lýsis, má ekki nota til framleiðslu úr öðru hráefni en sjávarafurðum.

7. gr.

Þvingunarúrræði og viðurlög.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 9. gr. og 9. gr. a – 9. gr. e laga nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru, lögum nr. 96/1997, um slátrun og sláturafurðir eða lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

8. gr.
Lagastof.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 13. og 29. gr. a laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, 7. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru og 17. gr. a laga nr. 96/1997, um slátrun og sláturafurðir.

9. gr.
Gildistaka.

Reglugerðin öðlast gildi 1. mars 2010. Þó taka efnisákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar skv. 1. gr. er varða aukaafurðir úr landdýrum ekki gildi fyrir en 1. nóvember 2011.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 3. febrúar 2010.

Jón Bjarnason.

Baldur P. Erlingsson.

Fylgiskjal.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 79/2005**

frá 19. janúar 2005

um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 að því er varðar notkun mjólkur, afurða að stofni til úr mjólk og afurða fengnum úr mjólk sem eru skilgreindar sem efni í 3. flokki þeirrar reglugerðar

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 frá 3. október 2002 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis⁽¹⁾, einkum i. lið 2.mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1774/2002 er mælt fyrir um lýðheilbrigðis- og dýraheilbrigðisreglur vegna söfnunar, flutnings, geymslu, meðhöndlunar, vinnslu og notkunar eða förgunar aukaafurða úr dýrum í því skyni að koma í veg fyrir að þessar afurðir skapi hættu fyrir lýðheilsu og heilbrigði dýra.
- 2) Í reglugerð (EB) nr. 1774/2002 er mælt fyrir um reglur um notkun tiltekinna aukaafurða úr dýrum sem falla til við framleiðslu afurða sem eru ætlaðar til manneldis og matvæla úr dýraríkinu, sem eru ekki lengur ætluð til neyslu, sem falla undir skilgreininguna um efni úr 3. flokki í þeirri reglugerð, þ.m.t. mjólk og mjólkurafurðir sem eru ekki lengur ætluð til manneldis. Í reglugerð (EB) nr. 1774/2002 er einnig gert ráð fyrir þeim möguleika að nota efni úr 3. flokki á annan hátt, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð og að höfðu samráði við viðkomandi vísindanefnd.
- 3) Samkvæmt álitni vísindastýrinfendarinnar frá 1996, 1999 og 2000 er ekkert sem bendir til þess að kúariða smitist með mjólk og áhætta í tengslum við mjólk er talin óveruleg. Í skýrslu um ástandið frá 15. mars 2001 lýsti sérstakur hópur um smitandi heilahrörnun (TSE) og kúariðu (BSE) sig sammála þessu.
- 4) Á grundvelli þessara álita eru mjólk, afurðir að stofni til úr mjólk og broddur undanþegin banni við því að nota dýraprótn sem fôður fyrir dýr sem eru alin og ræktuð til

matvælaframleiðslu, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrörmunar⁽²⁾.

- 5) Reglugerð (EB) nr. 1774/2002 gildir ekki um mjólk og brodd sem ráðstafað er á upprunabýlinu eða notað þar. Með þeirri reglugerð er einnig leyft að nota mjólk og brodd sem áburð eða jarðvegsbæti á land ef lögbært yfirvald telur það ekki skapa hættu á útbreiðslu alvarlegs smitsjúkdóms, með tilliti til þess að alidýr gætu haft aðgang að slíku landi og þar af leiðandi verið í hættu.
- 6) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1774/2002 má nota efni úr 3. flokki með ströngum skilyrðum og er fôðrun alidýra með slíkum efnum einungis leyfileg eftir vinnslu í samþykktri vinnslustöð fyrir efni úr 3. flokki.
- 7) Aukaafurðir úr dýrum, sem falla til við framleiðslu mjólkurvara, sem ætlaðar eru til manneldis, og mjólkurafurðir, sem eru ekki lengur ætlaðar til neyslu eru alla jafna framleiddar í starfsstöðvum sem eru samþykktar í samræmi við tilskipun ráðsins 92/46/EE frá 16. júní 1992 um heilbrigðisreglur fyrir framleiðslu og markaðssetningu hrámjólkur, hitameðhöndlaðrar mjólkur og mjólkurafurða⁽³⁾. Mjólkurafurðir, sem eru tilbúnar til notkunar, eru oftast í umbúðum og því eru mjög litlar líkur á mengun vörunnar.
- 8) Framkvæmdastjórninni ber að leita álits hjá Matvælaöryggisstofnun Evrópu á þeim möguleika að fôðra alidýr, og draga, samkvæmt settum skilyrðum, sem mestu úr allri áhættu, á mjólk sem er tilbúin til notkunar, afurðum að stofni til úr mjólk og afurðum fengnum úr mjólk, sem falla undir skilgreininguna um efni úr 3. flokki í reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (afurðirnar), án frekari meðferðar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 273, 10.10.2002, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 668/2004 (Stjtið. ESB L 112, 19.4.2004, bls. 1).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1993/2004 (Stjtið. ESB L 344, 20.11.2004, bls. 12).

⁽³⁾ Stjtið. EB L 268, 14.9.1992, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 806/2003 (Stjtið. ESB L 122, 16.5.2003, bls. 1).

9) Þar til ráðgjöf hefur verið veitt og í ljósi núverandi vísindalegu álita og skýrslu vísindanefndarinnar um heilbrigði og velferð dýra um áætlun um neyðarþöfnun gegn gin- og klaufaveiki árið 1999 er rétt að mæla fyrir um sértækar bráðabirgðaráðstafanir vegna söfnunar, flutnings, vinnslu og notkunar þessara afurða.

10) Setja skal upp viðeigandi eftirlitskerfi í aðildarríkjunum til að tryggja að farið sé að þessari reglugerð og til að grípa til viðeigandi aðgerða þegar ekki er farið að henni. Aðildarríkin skulu einnig taka tillit til áhættumats á bestu og verstu hugsanlegu aðstæðum, sem þau vinna til að undirbúa viðbragðsáætlun fyrir dýrafarsóttir, þegar þau ákveða á hve mörgum skráðum bújörðum er unnt að leyfa notkun viðkomandi afurða.

11) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Almennar heimildir frá aðildarríkjunum

Aðildarríkin skulu heimila söfnun, flutning, vinnslu, notkun og geymslu á mjólk, afurðum að stofni til úr mjólk og afurðum fengnum úr mjólk, sem falla undir skilgreininguna um efni úr 3. flokki, eins og um getur í e-, f- og g-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1774/2002, sem ekki hafa verið unnin í samræmi við V. kafla VII. viðauka við þá reglugerð (afurðir), að því tilskildu að þessi starfsemi og afurðir séu í samræmi við kröfurnar í þessari reglugerð.

2. gr.

Notkun unninna afurða og mysu og óunninna afurða sem fódurs

1. Unnar afurðir og mysu, eins og um getur í I. viðauka, má nota sem fódur í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. Óunnar afurðir og aðrar afurðir, eins og um getur í II. viðauka, má nota sem fódur í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

3. gr.

Söfnun, flutningur og geymsla

1. Afurðunum skal safnað og þær fluttar og samngreindar í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1774/2002.

Hinsvegar skal fyrsta undirgreinin ekki gilda um stjórnendur mjólkurvinnslustöðva sem eru samþykktar í samræmi við 10. gr. tilskipunar 92/46/EBE þegar afurðum er safnað og þær sendar aftur til þeirra stöðva sem afhentu þær áður viðskiptavinum sínum.

2. Geyma skal afurðirnar við hæfilegt hitastig, þannig að ekki hljóti af hætta fyrir lýðheilsu eða heilbrigði dýra, annaðhvort:

a) í sérstakri geymslustöð sem er samþykkt í þessu skyni í samræmi við 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 1774/2002 eða

b) í sérstöku, aðskildu geymslurými í stöð sem er samþykkt í samræmi við 10. gr. tilskipunar 92/46/EBE.

3. Sýni, sem tekin eru úr fullnum afurðum meðan þær eru í geymslu eða þegar þær eru teknar úr geymslu, skulu a.m.k. uppfylla þær örverufræðilegu kröfur sem settar eru fram í 10. lið D-hluta I. kafla í VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1774/2002.

4. gr.

Leyfi, skráning og eftirlitsaðgerðir

1. Lögbært yfirvald skal, í þessu skyni, skrá mjólkurvinnslustöðvarnar sem eru samþykktar í samræmi við 10. gr. tilskipunar 92/46/EBE, og bújarðirnar sem hafa leyfi eins og kveðið er á um í viðaukunum við þessa reglugerð.

2. Lögbæra yfirvaldið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fylgjast með því að stjórnendur skráðra starfsstöðva og bújarða fari eftir þeim skilyrðum sem sett eru fram í þessari reglugerð.

5. gr.

Niðurfelling leyfa og skráninga ef ákvæði eru ekki virt

Öll leyfi og skráningar, sem lögbæra yfirvaldið gefur út í samræmi við þessa reglugerð, skulu tafarlaust felld niður ef kröfunum í þessari reglugerð er ekki lengur fullnægt.

Leyfi og skráningar öðlast ekki gildi að nýju fyrir en lögbæra yfirvaldið hefur gert viðeigandi ráðstafanir til úrbóta.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. janúar 2005.

6. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða ákvæði þessarar reglugerðar og aðlaga þau eftir því sem við á í ljósi álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu.

7. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

**ÖNNUR NOTKUN UNNINNA AFURÐA OG MYSU, EINS OG KVEÐIÐ ER Á UM Í I-LIÐ 2. MGR. 6. GR.
REGLUGERÐAR (EB) NR. 1774/2002**

I. KAFLI

A. Afurðir

Afurðir, þ.m.t. vatn til hreinsunar, sem hafa komist í snertingu við hrámmjólk og/eða gerilsneidda mjólk í samræmi við a-lið 4. liðar A-hluta I. kafla í viðauka C við tilskipun 92/46/EBE og hafa fengið a.m.k. eina af eftirfarandi meðferðum:

- a) „leifturhitun“ (UHT) í samræmi við b-lið 4. liðar A-hluta I. kafla í viðauka C við tilskipun 92/46/EBE,
- b) dauðhreinsun þar sem Fc-gildi, sem er jafnt eða hærra en 3, næst eða fer fram í samræmi við c-lið 4. liðar A-hluta I. kafla í viðauka C við tilskipun 92/46/EBE við a.m.k. 115 °C í 20 mínútur eða sambærilegt,
- c) gerilsneyðingu í samræmi við a-lið 4. liðar A-hluta I. kafla eða dauðhreinsun, aðra en þá sem um getur í b-lið þessa hluta, í samræmi við c-lið 4. liðar A-hluta I. kafla í viðauka C við tilskipun 92/46/EBE, og því næst:
 - i. þurrkun, ef um er að ræða þurrmjólk eða þurrmjólkurafurðir, eða
 - ii. vinnsluferli þar sem sýrustigið er lækkað og haldið undir pH 6 í a.m.k. eina klukkustund, ef um er að ræða sýrðar mjólkurafurðir.

B. Notkun

Heimilt er að nota afurðirnar, sem um getur í A-hluta, sem fôðurefni í hlutaðeigandi aðildarríki og má nota þær á svæðum sem ná yfir landamæri ef hlutaðeigandi aðildarríki gera með sér gagnkvæmt samkomulag þar um. Viðkomandi starfsstöð verður að tryggja rekjanleika afurðanna.

II. KAFLI

A. Afurðir

1. Afurðir, þ.m.t. vatn til hreinsunar, sem hafa komist í snertingu við mjólk sem eingöngu hefur verið gerilsneidd í samræmi við a-lið 4. liðar A-hluta I. kafla í viðauka C við tilskipun 92/46/EBE, og
2. mysa, framleidd úr afurðum, að stofni til úr mjólk, sem ekki eru hitameðhöndlaðar, sem verður að safna a.m.k. 16 klukkutímum eftir að mjólkin hefur hlaupið og þar sem pH-gildi hennar skal hafa mælst sem < 6,0 áður en hún er flutt beint til bújarða sem hafa fengið leyfi.

B. Notkun

Heimilt er að nota afurðir og mysu, sem um getur í A-hluta, sem fôðurefni í hlutaðeigandi aðildarríki með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði:

- a) þær eru sendar frá starfsstöð sem er samþykkt í samræmi við 10. gr. tilskipunar 92/46/EBE, sem tryggir rekjanleika þessara afurða, og
- b) þær eru sendar á takmarkaðan fjölda bújarða, sem hafa fengið leyfi, ákvarðað á grundvelli áhættumats á bestu og verstu hugsanlegar aðstæðum sem aðildarríkin vinna til að undirbúa viðbragðsáætlun fyrir dýrafarsóttir, einkum gin- og klaufaveiki.

II. VIÐAUKI

ÖNNUR NOTKUN Á ÓUNNUM AFURÐUM OG ÖÐRUM AFURÐUM

A. Afurðir:

Hráar afurðir, þ.m.t. vatn til hreinsunar sem komist hefur í snertingu við hrámjólk, og aðrar afurðir þar sem ekki er hægt að tryggja meðferðina sem vísað er til í I. og II. kafla í I. viðauka.

B. Notkun

Heimilt er að nota afurðirnar, sem um getur í A-hluta, sem fôðurefni í hlutaðeigandi aðildarríki með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði:

- a) þær eru sendar frá viðurkenndri starfsstöð í samræmi við 10. gr. tilskipunar 92/46/EBE, sem tryggir rekjanleika þessara afurða, og
- b) þær eru sendar á takmarkaðan fjölda bújarða sem hafa fengið leyfi, ákvarðað á grundvelli áhættumats á bestu og verstu hugsanlegu aðstæðum sem aðildarríkin vinna til að undirbúa viðbragðsáætlun fyrir dýrafarsóttir, einkum gin- og klaufaveiki, og að því tilskildu að dýr, sem eru á bújörðum, sem hafa fengið leyfi, sé einungis hægt að flytja:
 - i. annaðhvort beint í sláturhús sem er í sama aðildarríki eða
 - ii. á aðra bújörð í sama aðildarríki, þar sem lögbæra yfirvaldið tryggir að dýr sem eru smitnæm fyrir gin- og klaufaveiki megi einungis flytja frá bújörðinni:
 - a) annaðhvort í samræmi við i. lið eða
 - b) ef dýrin hafa verið send á bújörð sem ekki notar afurðirnar, sem um getur í þessum viðauka, sem fôður eftir að kyrrsetningartímabili, sem er 21 dagur frá því að dýrin koma á jörðina, er lokið.